

MARK: Miðstöð margbreytileika- og kynjarannsókna

Skýrsla stjórnar 2012

Stjórn og ráðgjafarráð

Á aðalfundi MARK þann 11. nóvember 2011 var kosin ný stjórn MARK. Í stjórn voru endurkjörin Kristín Loftsdóttir prófessor í mannfræði við Félags- og mannvísindadeild, Ingólfur V. Gíslason dósent í félagsfræði við Félags- og mannvísindadeild, Sigurjón B. Hafsteinsson dósent í safnafræði við Félags- og mannvísindadeild, Steinunn Hrafnsdóttir dósent í félagsráðgjöf við Félagsráðgjafardeild. Gyða Margrét Pétursdóttir gaf ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu. Í stjórn var kosin Þorgerður Einarsdóttir, prófessor í kynjafræði við Stjórn málafræðideild og var hún kjörin formaður.

Á aðalfundinum 11. nóvember 2011 var einnig kosið ráðgjafarráð MARK sem skipað er áhugafólki og hagsmunaaðilum á starfssviði miðstöðvarinnar. Hlutverk þess að vera stjórn til ráðgjafar og stuðnings við starfsemi hennar. Í ráðgjafarráðið voru kjörin Halldóra Gunnarsdóttir sérfræðingur á Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar, Kristín Ástgeirsdóttir framkvæmdastýra Jafnréttisstofu og Kristján Sturluson framkvæmdastjóri Rauða krossins.

Stjórnin fundaði tvisvar á tímabilinu, 8. febrúar og 4. september 2012. Stjórnin fundaði með ráðgjafarráðinu þ. 4. september 2012.

Rannsóknir

MARK er vettvangur rannsóknarsamstarfs fræðafólks á Félagsvísindasviði og voru nokkur rannsóknarverkefni unninn undir hatti MARK 2011-2012 bæði innlend og í erlendu samstarfi. Meðal þeirra eru eftirfarandi verkefni:

Klám sem vinnumenning og menningarfyrirbæri. Verkefnið var samstarf MARK og Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar og unnið með styrk frá Nýsköpunarsjóði námsmanna. Verkefnisstjórar voru Þorgerður Einarsdóttir og Gyða Margrét Einarsdóttir f.h. MARK og Halldóra Gunnarsdóttir f.h. Reykjavíkurborgar. Verkefnið var tilnefnt til Nýsköpunarverðlauna forseta Íslands 2012. Því lauk með útgáfu fræðslubæklings um klám og klámmenning, sjá nánar

<http://www.reykjavik.is/Portaldata/1/Resources//baeklingurbrochure.pdf>

Frá útilokun til kynjakvóta. Verkefnið er styrkt af Rannsóknasjóði HÍ og Nýsköpunarsjóði námsmanna. Í tengslum við verkefnið var undirritaður samstarfssamningur KPMG og Félagsvísindasviðs HÍ þ.12. apríl. Um er að ræða þriggja ára samstarf um sameiginlega framkvæmd könnunar meðal íslenskra stjórnarmanna í fyrirtækjum og lífeyrissjóðum. Sjá nánar

<http://www.kpmg.com/is/is/utgefidefni/greinar-og-utgefid/pages/samstarf-kpmg-og-hi.aspx>

Karlavæðing kvennabaráttunnar? Um karla í jafnréttisbaráttu. Verkefnið er samstarfsverkefni Þorgerðar Einarsdóttur og Arnars Gíslasonar, það er unnið með styrk frá Rannsóknasjóði HÍ.

Til viðbótar þessum verkefnum hefur MARK tekið í alþjóðlegum umsóknum um rannsóknarstyrki.

Þann 16. janúar 2012 fundaði hópur fræðafólks á vegum MARK með Elínu Björgu Sigurðardóttur, verkefnastjóra rannsókna og þjónustumats hjá Velferðarsviði Reykjavíkurborgar þar sem rætt var um hugsanlegt samstarf.

Viðburðir: Fyrirlestrar, málþing

2. desember 2011. Fertility travel: In the market for eggs and wombs: Charlotte Kroløkke, dósent við University of Southern Denmark og verkefnisstjóri rannsóknarverkefnisins KinTra.

28. febrúar 2012. Karlarnir og hrúnið: Yfirráð, undirgefni og tilfærsla valds meðal karla: Þorgerður Einarsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir.

2. mars 2012. Klámvæðing er kynferðisleg áreitni: Málþing í Ráðhúsi Reykjavíkur í tengslum við kynningu á samstarfsverkefni MARK og Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar „Klám sem vinnumenning og menningarfyrirbæri.“

6. mars 2012. Kynleg kreppa: Bryndís Erna Jóhannsdóttir, MA í blaða- og fréttamennsku, diplóma í Hagnýtri jafnréttisfræði.

13. mars 2012. Flengdar konur kvikmyndanna: Ingólfur V. Gíslason, dósent í félagsfræði.

20. mars 2012. Siðafár og samfélagslegar breytingar: Áhrif fjölmiðla á baráttu samkynhneigðra: Gunnhildur Steinarsdóttir, MA í blaða- og fréttamennsku.

27. mars 2012. Tungumál eða hugmyndafræði? Miðlun menningargilda í tungumálakennslu. Pamela Innes, dósent í mannfræði og Fulbright styrkþegi, fyrirlestur í samstarfi MARK og Mannfræðistofnunar Háskóla Íslanda.

3. apríl 2011. Hljómar Norður-Atlantshafsins: Tónlist og menningararfleifð í ljósi eftirnýlendufræða: Kimberly Cannady, doktorsnemi frá Washington háskóla og Fulbright styrkþegi við námsbraut í mannfræði 2011-2012.

8. maí 2012. Stelpur - þarf að rannsaka þær?!: Claudia Mitchell, prófessor við McGill háskóla í Kanada.

14. maí 2012. Geðheilsa frá sjónarhóli félagslegra tengsla: Bernice Pescosolido, prófessor í félagsfræði við Indiana-háskóla.

24. ágúst 2012. Menning og skipulag háskóla frá kynjasjónarmiði: Pat O'Connor prófessor í félagsfræði við Limerick háskóla á Írlandi.

12. september 2012. Gagnkynhneigt forræði með smá hinseginkryddi?! Hinseginmæður og börn þeirra: Svandís Anna Sigurðardóttir.

26. september 2012. Send í sveit: Kynjað uppeldi: Jónína Einarsdóttir.

Heimasíða, vefmál

Þorgerður Einarsdóttir hefur haldið utan um vefmál MARK. Heimasíða MARK er www.mark.hi.is. Elísabet Brynhildardóttir hannaði lógó fyrir MARK og deildu fræðimenn MARK þeim kostnaði með sér. Þorgerður hefur greitt fyrir vefsvæðið af rannsóknarreikningi sínum, kr. 1.000,- á mánuði.

Reykjavík 27. nóvember 2012

f.h. stjórnar MARK Miðstöðvar margbreytileika og kynjarannsókna



Þorgerður Einarsdóttir